

**9. fundur Samstarfsráðs um alþjóðlega þróunarsamvinnu**  
**22. mars 2013 kl. 14:00 í utanríkisráðuneytinu**

**FUNDARGERÐ**

**Fundinn sátu:**

Fundarstjóri: Valgerður Sverrisdóttir, formaður

Fulltrúar í samstarfsráði: Maríanna Traustadóttir, Haukur Már Haraldsson, Lilja Dóra Kolbeinsdóttir, Margrét Sigurgeirsdóttir, Jónína Einarsdóttir, Geir Gunnlaugsson, Guðrún Eyjólfsdóttir, Þorbjörn Guðmundsson, Jónas Þ. Þórisson, Þórir Guðmundsson, Ulla Magnússon, Petrína Ásgeirsdóttir og Guðrún Margrét Pálsdóttir.

Starfsmenn utanríkisráðuneytis og Þróunarsamvinnustofnunar Íslands: María Erla Marelsdóttir, Emil Breki Hreggviðsson, Þórarinna Söebeck, Svanhvít Aðalsteinsdóttir, Pálína Björk Matthíasdóttir, Stefán Jón Hafstein.

**Inngangsorð formanns**

Formaður setti fundinn og bauð fulltrúa í samstarfsráðinu velkomna til níunda fundar ráðsins. Formaður sagði frá breytingu á lögum nr. 121/2008 frá 20. desember 2012 um hlutverk þróunarsamvinnunefndar og bauð nýja fulltrúa í þróunarsamvinnunefnd velkomna. Einnig greindi hún frá tillögu til þingsályktunar um áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2013-2016, sem samþykkt var á Alþingi daginn fyrir fundinn, hinn 21. mars.

**1. Fundargerð síðasta fundar**

Formaður upplýsti að fundargerð 8. fundar samstarfsráðsins hafi verið birt á heimasíðu utanríkisráðuneytisins undir vefsvæði samstarfsráðsins.

**2. Aðild Íslands að Þróunarsamvinnunefnd OECD og rýniskýrsla v. úttektar á umgjörð þróunarsamvinnu Íslands**

María Erla greindi frá aðild Íslands að Þróunarsamvinnunefnd OECD (DAC), en Íslands varð formlega aðili hinn 14. mars sl. Hún greindi jafnframt frá aðildarferlinu og ræddi niðurstöður sérstakrar rýni (e. Special Review) á umgjörð þróunarsamvinnu Íslands sem fram fór í nóvember 2012. Niðurstöður rýninnar eru í heildina séð afar jákvæðar. Þar er talað um að áætlun Íslands um hækkun framlaga sé mjög metnaðarfull, grunnurinn sem byggt er á sé traustur og umgjörðin í heild sinni, bæði lagaleg og stofnanaleg mjög góð. Í rýniskýrslunni er einnig varpað ljósi á ýmsa þætti sem skoða þurfi betur. Sum atriðin hafa núþegar verið tekin til greina inn í nýju áætluninni, en önnur eru þess eðlis að þau koma til skoðunar þegar þróunarsamvinnuáætlun verður tekin til ítarlegrar endurskoðunar.

**3. Áætlun Íslands um framkvæmd ályktunar öryggisráðs SP nr. 1325 um konur, frið og öryggi**

Þórarinna Söebeck greindi frá endurmati á áætlun Íslands um framkvæmd ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna frá árinu 2008, og drögum að nýrri áætlun fyrir tímabilið 2013-2016. Endurmatið og nýja áætlunin er unnin í samræmi við þróunarsamvinnuáætlun, en þar er lögð rík áhersla á framgang ályktana öryggisráðsins

um konur, frið og öryggi í starfi Íslands í þágu friðar. Áætlun Íslands fyrir tímabilið 2013-2016 byggir á tilögum framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna um samræmi í skýrslugerð aðildarríkja og byggist á fjórum stöðum og fjórum meginmarkmiðum: 1. Fræðslu og málsvarastarfi 2. Þátttöku, 3. Fyrirbyggjandi starfi, vernd, aðstoð og endurhæfingu og 4. Samstarfi og samráði. Við lok umræðna lýsti samstarfsráðið yfir stuðningi við áætlun Íslands um framkvæmd ályktunar öryggisráðs SP nr. 1325 um konur, frið og öryggi 2013-2016.

#### **4. Aðgerðaáætlun fyrir Palestínu 2013-2016**

Svanhvít Aðalsteinsdóttir greindi frá drögum að aðgerðaáætlun fyrir Palestínu 2013-2016. Í aðgerðaáætluninni er greint frá með hvaða hætti Ísland hyggst veita Palestínu stuðning næstu árin, en hann er einkum í gegnum alþjóðastofnanir og félagasamtök. Hún er þó byggð á þörfum og óskum Palestínumanna og öðru þróunarstarfi sem núþegar er í gangi á svæðinu. Helstu samstarfsstofnanir eru UNRWA, UNICEF, UN Women og OCHA auk þess sem veittur er stuðningur til innlendra félagasamtaka og íslenskra eftir atvikum. Þá koma palestínskir nemendur til náms í Alþjóðlega jafnréttisskólann á Íslandi (GEST). Við lok umræðna lýsti samstarfsráðið lýsti yfir stuðningi við aðgerðaáætlun fyrir Palestínu 2013-2016.

#### **5. Sameiginleg mannauðsstefna UTN og ÞSSÍ á sviði alþjóðlegrar þróunarsamvinnu**

María Erla greindi frá stefnunni sem unnin er í samræmi við þróunarsamvinnuáætlun og er sameiginleg fyrir starfsmenn utanríkisráðuneytisins og ÞSSÍ. Í mannauðsstefnunni er lögð áhersla á þjálfun, fræðslu og menntun, starfsmannaskipti og teymisvinnu og að allt starf taki mið af jafnréttisstefnum og áætlunum ráðuneytisins og ÞSSÍ. Í lok umræðna lýsti samstarfsráðið yfir stuðningi við stefnuna, en að nánar verði skoðaðir nokkrir þættir sem rætt var um, s.s. sérstaka fræðslu til starfsfólks sem sent er á vettvang og móttöku þess eftir að heim er komið, auk þess sem flutningsskylda starfsmanna verði sérstaklega skoðuð m.t.t. uppbyggingar reynslu og þekkingar. Þá var lagt til að fagteymi á sviði þróunarsamvinnu verði skoðuð sérstaklega m.t.t. jafnréttismála.

#### **6. Áherslur í samstarfi stjórnvalda við háskólasamfélagið á sviði alþjóðlegrar þróunarsamvinnu**

Pálína Björk Matthíasdóttir kynnti áherslurnar, sem fyrst og fremst er kortlagning á því hvað hefur verið gert og á hvaða sviðum hægt er að leggja aukna áherslu á stuðning við. Í undirbúningsvinnu fólst samráð við háskólasamfélagið og úttekt á því hvað nágrannalöndin hafa gert á þessu sviði. Í lok umræðna lýsti samstarfsráðið yfir stuðningi við áherslurnar, en að nánar verði skoðaðir nokkrir þættir sem rætt var um, s.s. styrkir til námsmanna og efling fræðasamfélagsins hvað varðar úttektir og þjálfun sérfræðinga á því sviði.

**Fundi slitið kl. 16:00**

